

# Kennsluleiðbeiningar

## Talnaskilningur

1


Stig 2

3

Nemendur 9 ára og eldri



Stöðumatið á þekkingu nemenda af erlendum uppruna, *Stig 2, Talnaskilningur*, ásamt *Stigi 1 og Stigi 2, Læsi*, er grunnur að ákvarðanatöku um staðsetningu nemanda í námshóp eða hugsanlega í framhaldsskóla. Upplýsingarnar geta einnig auðveldað áætlanagerð byggða á þekkingu nemandans, forsendum hans og þörfum.



Nánari upplýsingar um Stöðumatið á Stigi 1-3 finnur þú í „*Upplýsingum fyrir skólastjóra og kennara um mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna.*“

### Stig 2 – Talnaskilningur

Stöðumatið á Stigi 2 er samtal milli þín og nemandans. Efnið er byggt á öðrum kafla (2,2) sænskrar námskrár:

„Skólinn skal sjá til þess að allir nemendur geti að lokinni grunnskólagöngu:

- nýtt stærðfræðilega hugsun í áframhaldandi námi og í daglegu lífi
- verið lausnamiðaðir og framkvæmt hugmyndir á skapandi hátt
- nýtt rökræna hugsun og á sjálfstæðan hátt haft skoðun byggða á þekkingu /.../.“<sup>1</sup>

Skilgreining á *talnaskilningi* í þessu efni er að geta notað stærðfræðilega hugsun. Í Stöðumatinu þurfa nemendur að leysa þrautir, hafa skoðun, rökræða og rökstyðja sínar lausnir. Þessi hluti Stöðumats metur ekki þekkingu nemandans í námsgreininni stærðfræði heldur einungis stærðfræðilega hugsun í víðara samhengi. Þekkingu nemandans í stærðfræði er hægt að meta á Stigi 3.

<sup>1</sup> Förrörðing (SKOLFS 2010:37) om läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet, förrörðing (SKOLFS 2010: 250) om läroplan för specialskolan samt för förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall, förrörðing (SKOLFS 2010:251) om läroplan för sameskolan, förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall, samt förrörðing (SKOLFS 2010:255) om läroplan för grundsärskolan.



Endurmat Stöðumatsins hefur sýnt að það er mikilvægt að nemendur festist ekki í hefðbundnum stærðfræðilegum lausnum með formúlum og gröfum. Stig 2 gefur okkur heildarmynd af getu nemandans í að rökstyðja svör við mismunandi spurningum. Það eru ekki til námskrár- eða námsviðmið til að styðjast við í matsniðurstöðum af svörum og rökstuðningi nemendanna.

Endurmatið sýnir einnig að nemendur sem eru níu ára geta svarað og rökstutt svör sín á sama hátt og eldri nemendur. Það á einnig við að fimmtán ára nemendur geta svarað eins og yngri nemendur. Þetta á ekki einungis við nemendur af erlendum uppruna. Það er mikilvægt að nemandinn fái að tjá sig á sínu sterkasta tungumáli sem þarf ekki endilega að vera skólatungumál nemandans.

Í hverjum bekk eru til nemendur með þekkingu á mismunandi stigum. Í viðtals- og skráningargrunni eru svör nemendanna eingöngu metin út frá viðmiðunum *yngri* eða *eldri*, ekki er miðað við nákvæmt aldursstig.

## Upplýsingar um efnið

Stöðumatið inniheldur:

- Kennsluleiðbeiningar
- Mynd
- Viðtals- og skráningargrunn
- Stöðumat einstaklings

Spurningarnar hafa ekki eitt rétt svar heldur er hægt að svara á mismunandi hátt. Öll svör eru mikilvæg og rökstuðningur nemandans gefur okkur grunn til að byggja kennslu á. Láttu nemandann finna að hann hafi getað komið á framfæri þekkingu sinni og hæfni.

Ekki allir nemendur eru vanir að þurfa að svara spurningum kennara munnlega og til greina kemur að láta nemendur svara skriflega. Spurningarnar eru þó hugsaðar í samtali þar sem mögulegt er að bæta við spurningum og fá nemandann til að ræða og rökstyðja þær. Þessi möguleiki er tæpast fyrir hendi ef efnið er eingöngu skriflegt.

Stöðumatinu fylgir mynd sem er eins konar rammi utan um viðtalið.

Spurningarnar geta tengst myndinni eða staðið sjálfstæðar. Myndin getur gert spurningarnar hnitmiðaðri og dregið úr streitu við fyrirlögnina.

Myndin er hjálpartæki, spurningarnar eru um raunveruleg dæmi eins og hæð húss í raunveruleikanum.

## Viðtalið er um það bil 70 mínútur

Fyrirlögnin á *Stigi 2 Talnaskilningur*, á að taka 70 mínútur að hámarki með túlkunartíma.

Sýndu nærgætni og taktu tillit til aldurs og getu nemandans. Ef nemandinn getur ekki klárað öll verkefni má deila fyrirlögninni á fleiri skipti.

## Stærðfræðileg fagþekking

Þú sem leggur fyrir Stöðumatið þarft að hafa stærðfræðilega fagþekkingu til þess að skilja og greina svör nemandans og röksemdafærslu. Túlkurinn þarf að vera vel settur inn í efnið.

Í *Upplýsingum um túlka og túlkun* eru leiðbeiningar fyrir þá sem leggja fyrir Stöðumatið með túlki og fyrir túlkinn sjálfan.

## Undirbúningur

Kynntu þér alla hluta Stöðumatsins, helst með túlkinum. Það er gott að hafa sameiginlega sýn á efnið.

Það hefur sýnt sig að sum orð og hugtök hefur verið erfitt að túlka og hér koma dæmi um spurningar sem vert er að taka til umhugsunar. Í viðtalinu geta komið fram orð og hugtök sem erfitt er að túlka og það er eitthvað sem þú tekur eftir þegar nemandinn svarar á annan hátt en vænta mætti.

### Til dæmis:

- Segðu hvað þú mundir gera til þess að komast að því hve langt er *kringum* eitt *hjól* á reiðhjóli. Athugaðu: Orðið *hvað* gæti horfið og áherslan yrði á mælieiningar. Allar spurningar sem eru um hvernig nemandinn á að gera þarf að meðhöndla á sama hátt. Orðið *kringum* er á sumum tungumálum það sama og ummál. Þá er hætt á að áherslan verði á formúlu og útreikninga á ummáli í stað þess að leita lausna við hvað hægt er að gera.
- Hve stórt hlutfall af tölunum/ hve stór hluti talnanna/ hve margar af heildarfjölda talnanna á borðinu eru gular. Athugaðu: Hugtakið *hlutfall* er á sumum tungumálum það sama og prósentu og gæti leitt nemandann til þess að svara í prósentum og gæti verið á of háu kunnáttustigi fyrir nemandann. Þess vegna er boðið upp á möguleikana, *hve stór hluti* eða *hve margar af heildarfjölda*.
- Lýstu hvernig hellulögnin lítur út. Athugaðu: Hér eru það eiginleikar rúmfræðilegu hlutanna sem skipta máli ekki nöfn þeirra. Það fjallar um að geta lýst rétthyrningi en ekki vita hvað formið heitir á fagmáli.

## Hlutbundið efni

Taktu fram efnið:

- Tölur eða annað efni með minnst tveimur mismunandi eiginleikum
- Tóma mjólkurfernu og glas
- Eldspýtur og eldspýtnamyndina
- Minni mynd af hellulögninni frá öðru sjónarhorni
- Byggingahluta hellulagnarinnar (er hægt að klippa út í á stífari pappír)
- Pappír og penna fyrir athugasemdir (á að vera sýnilegt fyrir nemandann).

## Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir

Ef nemandinn er með einhverjar sérþarfir aðlagar þú efnið á tilheyrandi hátt t.d. ýkir liti fyrir nemendur með minnkað litaskyn eða hlutbundið efni fyrir sjónskerta.

Fleiri upplýsingar er að finna í *Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir*.

## Upplýsingar til nemandans

Segðu nemandanum að þið munuð tala saman um mynd og þú munir spyrja spurninga um hana. Útskýrðu að það sé mikilvægt að hann taki sér tíma til að hugsa og ræða um spurningarnar. Segðu honum einnig að það sé ekkert rétt eða rangt svar, að maður geti svarað á ýmsa vegu og að öll svör og röksemdarfærsla séu mikilvæg. Nemandinn þarf einnig að vita að hann ræður því hvort hann svarar spurningunum eða ekki.

Segðu nemandanum að þú munir skrá hjá þér hvað hann segir til þess að muna svör hans rétt. Nefndu ekki orðið stærðfræði, það gæti heft hugsanagang nemandans og hamlað þann nemanda sem hefur neikvætt viðhorf til stærðfræðinnar.

Upplýstu nemandann um að tilgangurinn sé að hann fái að sýna kunnáttu sína þannig að skólinn geti komið til móts við hann á réttan hátt í náminu.

### Viðtals- og skráningargrunnur

Í grunninum eru spurningar t.d. um rýmisskynjun og flokkun. Þú getur spurt spurninganna í þeirri röð sem þær koma fyrir eða í annarri röð ef það hentar betur. Ef einhver spurning er áberandi of létt eða of erfið fyrir nemandann getur þú sleppt henni og haldið áfram með næstu spurningu.

### Spurningarnar eru settar fram þannig:

#### Efri hluti

- Í vinstri dálki eru spurningar sem þú spyrð nemandann. Það þarf ekki að spyrja nákvæmlega eins og textinn segir til um. Upplýsingar eða hvatningar til þín eru skáletraðar.
- Í hægri dálki eru dæmi um stuðnings- eða viðbótarspurningar til að gefa nemandanum tækifæri á að sýna meiri þekkingu á efninu. Spurningar eins og „Hvernig veist þú það?“ og „Af hverju heldur þú það?“ eru alltaf við hæfi að spyrja jafnvel þegar ekki er bent á það í viðbótarspurningu.

#### Neðri hluti

- Í neðri hlutanum eru nemendasvör í þremur viðmiðum. Þetta eru dæmi um hvernig nemendur á mismunandi aldri svöruðu þegar efnið var prófað. Þetta er engin mælistika. Svörin hafa verið tekin saman og metin miðað við mismunandi viðmið, frá lægri til hærri viðmiða. Á meðan á viðtalinu stendur skráir þú í grunninn í það viðmið þar sem svar og rökstuðningur nemandans passar best.
- Svæði fyrir athugasemdir. Sjáðu til þess að grunnurinn verði eins fullnægjandi og nákvæmur og mögulegt er. Það er mikilvægt fyrir áframhaldandi undirbúning kennslunnar.

#### Að lokum

- Svæði fyrir spurningar nemandans.
- Svæði fyrir allsherjar mat á hæfni nemandans í að rökstyðja, leysa þrautir og gera réttmætt mat.

### Staða nemandans í talnaskilningi

Stöðumat nemandans er samantekt af því sem þú hefur skráð hjá þér í viðtals- og skráningargrunninum. Berðu saman svör og rökstuðning nemandans á hinum ýmsu sviðum og merktu inn stöðuna. Síðan metur þú hvort nemandinn geti fylgt námsefni bekkjarins eða hvort hann þurfi léttara eða þyngra námsefni.

Athugaðu að Stöðumat einstaklingsins í talnaskilningi er einn af fleiri slíkum. Hér á eftir er dæmi um hvernig þú getur tekið saman niðurstöðurnar úr viðtals- og skráningargrunninum og fært yfir í Stöðumat einstaklings.

## Dæmi 1: Úrdráttur úr viðtals- og skráningargrunninum

Hér eru dæmi sem sýna hvernig kennari hefur skráð svör nemandans í viðtalinu. Kennarinn hefur merkt með áherslupenna hvað nemandinn sagði og skrifað eigin athugasemdir.

| Spurningar til nemanda                                                                                                  |  | Stuðnings- og viðbótarspurningar                                             |  |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|------------------------------------------------------------------------------|--|
| Taktu fram tóma mjólkurfernu og glas.<br>Í hve mörg glös dugir innihaldið úr einni mjólkurfernu.                        |  | Af hverju heldur þú það?<br>Fyllir af vatni og ber saman                     |  |
|  Hvort glasið heldur þú að rúmi meira? |  | Hvernig myndir þú gera til þess að komast nákvæmlega að því?                 |  |
|                                                                                                                         |  | Það er til formúla                                                           |  |
| Lægra viðmið                                                                                                            |  | Hærra viðmið                                                                 |  |
| Segir að háa glasið eða breiða glasið rúmi meira.                                                                       |  | Segir að þau rúmi jafnt með viðunandi rökum                                  |  |
|                                                                                                                         |  | Segir að rúmmál sívalnings sé reiknað með hjálp af $\pi \cdot r^2 \cdot h$ . |  |

## Almennt mat á ágiskun og trúverðugleika

| Lægra viðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                  | Hærra viðmið                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                               | Athugasemdir                                                                                                                                                                                                     |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <div>Giskar ótrúverðugt á</div> <div><ul style="list-style-type: none"><li>• ummál hjólsins</li><li>• hæð hússins</li><li>• hve hátt kötturinn klifraði</li><li>• í hve mörg glös innihald mjólkurfernu dugar (t.d. 15 glas)</li><li>• hve þungur stóllinn er (t.d. 50 grömm)</li></ul></div> | <div>Sýnir á einhvern hátt að svarið gæti verið mismunandi eftir t.d.</div> <div><ul style="list-style-type: none"><li>• stærð glassins</li><li>• stærð hjólsins</li><li>• þyngd stóls</li></ul></div> | <div>Giskar trúverðuglega á</div> <div><ul style="list-style-type: none"><li>• Ummál hjólsins</li><li>• hæð hússins</li><li>• hve hátt kötturinn klifrar</li><li>• í hve mörg glös innihald mjólkurfernu dugir (t.d. 4–5 glös)</li><li>• hve þungur stóllinn er (t.d. 2–5 kg)</li></ul></div> | <div>Ræðir og dregur ályktanir, Breytir svörum sínum. Gerir að hluta trúverðugar ágiskanir um hæð og þyngd. Veit að til eru formúlur til að reikna ummál og rúmmál með hjálp <math>\pi \approx 3,14</math></div> |

| Spurningar til nemanda                                                                                                                                                                                                                                                               | Stuðnings- og viðbótarspurningar                                                                                                                                          |                                                                            |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------|
|  <p>Hugsaðu þér að röð húsanna haldi áfram til vinstri á myndinni. Hvaða númer gætu staðið á þeim hurðum?</p>                                                                                     | <p>Ef það stæði tveir á þeim fyrstu, hvað gæti staðið á hinum hurðunum?</p> <p>Hvað gæti staðið á hurðunum beint á móti?</p>                                              |                                                                            |
|  <p>Til hjálpar fyrir nemandann getur þú skrifað tölurnar á blað eða beðið nemandann að gera það:</p> <p>Hvaða tala kæmi þá næst?</p> <p>Prófar með tölurnar á milli</p> <p>Prófar margföldun</p> | <p>Af hverju heldur þú það?</p> <p>Á þann hátt sem ég hugsaði gæti næsta tala verið 21. Hvernig heldur þú að ég hafi hugsað þá?</p> <p>Hvaða tala kæmi þá á eftir 21?</p> |                                                                            |
| Lægra viðmið                                                                                                                                                                                                                                                                         | Hærra viðmið                                                                                                                                                              |                                                                            |
| Heldur áfram með annað hvort odda- eða jöfnu tölurnar á hurðunum.                                                                                                                                                                                                                    | Heldur áfram með odda tölurnar á hurðunum.<br>Heldur áfram með jöfnu tölurnar á hurðunum.                                                                                 | Skýrir og rökstyður hvers vegna talan 21 kemur næst í röðinni á húsvegnum. |

Lýsir því sem gerist í talnaröðinni á húsvegnum til tölunnar 13.

Lok:

Nú hef ég ekki fleiri spurningar.

Hefur þú einhverjar spurningar? **Nemandinn vill vita hvernig talnaröðin á húsvegnum heldur áfram.**

**Dæmi 1: Útdráttur úr Stöðumati einstaklings**

Hér sést hvernig kennarinn hefur fyllt í Stöðumat einstaklingsins út frá dæminu á blaðsíðunni að framan. Taktu eftir að dæmið á bls. 7 sýnir bara útdrátt úr skráningunni í viðtalinu.

Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna

# Stöðumat einstaklings

## Talnaskilningur

1 Stig 2 3



### Nemendur 9 ára og eldri

Nafn nemanda: **Mariam**Fæðingardagur: **15 ára**Stöðumatstungumál: **Sómalska**Dags og kennari: **24 október, Tina B**

Berðu saman svör og rökstuðning nemandans á hinum ýmsu sviðum og merktu í sniðmátið með X.

|                                          |  |              |
|------------------------------------------|--|--------------|
| <b>Rýmisskynjun og rúmfræði</b>          |  |              |
| Lægra viðmið                             |  | Hærra viðmið |
| <b>Almennt mat á ágiskun og réttmæti</b> |  |              |
| Lægra viðmið                             |  | Hærra viðmið |
| <b>Talnaskilningur og talnarunur</b>     |  |              |
| Lægra viðmið                             |  | Hærra viðmið |
| <b>Flokkun og stærðarhlutföll</b>        |  |              |
| Lægra viðmið                             |  | Hærra viðmið |

#### Grunnur að ákvarðanatöku í undirbúningi kennslu.

Styrkleikar nemandans:

**Sýnir mikinn áhuga á að læra nýja hluti.****Rökræðir.****Dregur ályktanir út frá þekkingu sinni í nýjum aðstæðum.**

Það sem nemandinn þarf að bæta:

**Vinna áfram með talnaskilning og talnarunur.**

Kennarinn metur það svo út frá ofangreindum styrkleikum og því sem þarf að bæta að nemandinn geti fylgt námsefni bekkjarins :

☒ Já☐ Nei, þarf léttara efni☐ Nei, þarf þyngra efni

Tillögur að hugsanlegri íhlutun og stuðningi:

**Námsaðstoð á móðurmáli til þess að geta tekið þátt í stærðfræðikennslunni eins fljótt og hægt er.**

**Dæmi 2: Útdráttur úr viðtals- og skráningargrunninum**

Hér eru dæmi sem sýna hvernig kennari hefur skráð svör nemandans í viðtalinu.

Kennarinn hefur merkt með áherslupenna hvað nemandinn sagði og skrifað eigin athugasemdir.

| Spurningar til nemanda                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |                                                                                                      | Stuðnings- og viðbótarspurningar                                                                                                                                                                                            |  |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
|  <p>Lýstu því hvernig þú myndir gera ef þú vildir vita hve langt er kringum hjól á reiðhjól. Hvað heldur þú að það sé raunverulega langt?</p> <p>Veit það ekki, ég get ekki þetta með m og cm. Þetta er stærðfræði og ég kann ekki stærðfræði.</p> |                                                                                                      | <p>Getur þú sýnt hvað það er um það bil langt?</p> <p>Getur verið mislangt kringum hjól?</p> <p>Já, stór og lítil.</p> <p>Mundir þú gera eins ef þú vildir vita hve langt er í kringum blómapottinn eða kringum borðið?</p> |  |
|                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |                                                                                                      |                                                                                                                                                                                                                             |  |
| Lægra viðmið                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                      | Hærra viðmið                                                                                                                                                                                                                |  |
| <p>Klippir út hjóli og mælir síðan.</p> <p>Mælir með reglustiku.</p>                                                                                                                                                                                                                                                                | <p>Mælir með málbandi.</p> <p>Setur merki á dekkið og keyrir síðan einn hring og mælir lengdina.</p> | <p>Segir að ummál sé hægt að reikna með hjálp formúlunnar <math>2\pi r</math>.</p>                                                                                                                                          |  |

| Spurningar til nemanda                                                                                                                                                                                                    |                                                                                               | Stuðnings- og viðbótarspurningar                                                                                                                                                         | Athugasemd                                                                                   |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------|
|  <p>Hvað myndir þú gera til þess að finna út hvað stóll er þungur?</p> <p>Hvað heldur þú að stóll sé þungur?</p> <p>Ég veit það ekki</p> |                                                                                               | <p>Ef nemandinn svarar, setja stólinn á vigt, spyrðu spurningarinnar:</p> <p>Eru einhverjir erfiðleikar með að vigta stólinn?</p> <p>Veistu um eitthvað sem er álíka þungt og stóll?</p> | <p>Nemandinn hefur fáar lausnaraðferðir til þess að geta leyst hversdagslegar spurningar</p> |
|                                                                                                                                                                                                                           |                                                                                               |                                                                                                                                                                                          |                                                                                              |
| Lægra viðmið                                                                                                                                                                                                              |                                                                                               | Hærra viðmið                                                                                                                                                                             |                                                                                              |
| <p>Setur stólinn á vigt</p> <p>Lyftir stólinum upp og giskar.</p>                                                                                                                                                         | <p>Nefnir að vigtin þurfi að vera stór.</p> <p>Ber þyngd stólsins saman við annað viðmið.</p> | <p>Stígur á vigtina haldandi á stólinum.</p> <p>Dregur síðan eigin þunga frá heildartölu.</p>                                                                                            |                                                                                              |
| Spurningar til nemandans                                                                                                                                                                                                  |                                                                                               | Stuðnings- og viðbótarspurningar                                                                                                                                                         |                                                                                              |
|  <p>Hvernig myndir þú finna út hæð húss?</p> <p>Hversu hátt heldur þú að hús geti raunverulega verið?</p>                              |                                                                                               | <p>Getur maður fundið út hversu hátt hús er?</p>                                                                                                                                         |                                                                                              |

**Dæmi 3: Útdráttur úr Stöðumati einstaklings**

Hér sést hvernig kennarinn hefur fyllt í Stöðumat einstaklingsins út frá dæminu á blaðsíðunni að framan. Taktu eftir að dæmið á bls. 7 sýnir bara útdrátt úr skráningunni í viðtalinu.

# Stöðumat einstaklings

## Talnaskilningur

1 Stig 2 3



### Nemendur 9 ára og eldri

Nafn nemanda: **Jemila**Fæðingardagur: **12 ára**Stöðumatstungumál: **Arabíska**Dags. og kennari: **15. sept. Kent. A**

Berðu saman svör og rökstuðning nemandans á hinum ýmsu sviðum og merktu í sniðmátið með X

|                                   |   |              |
|-----------------------------------|---|--------------|
| Rýmisskynjun og rúmfræði          |   |              |
| Lægra viðmið                      |   | Hærra viðmið |
| Almennt mat á ágiskun og réttmæti |   |              |
| Lægra viðmið                      |   | Hærra viðmið |
| Talnaskilningur og talnarunur     |   |              |
| Lægra viðmið                      |   | Hærra viðmið |
| Flokkun og stærðarhlutföll        | X |              |
| Lægra viðmið                      |   | Hærra viðmið |
|                                   | X |              |

#### Grunnur að ákvarðanatöku í undirbúningi kennslu.

Styrkleikar nemandans:

Nemandinn notar aðferðir með ákveðna tengingu til einkenna verkefnisins. Hann veit að lengdina og hæðina er hægt að mæla með reglustiku eða málbandi í m og cm. Nemandinn rökræðir á einfaldan hátt um réttmæti niðurstöðunnar og þrautalausnir.

Það sem nemandinn þarf að bæta:

Bæta við aðferðum við lausnir og geta rökstutt betur.

Kennarinn metur það svo út frá ofangreindum styrkleikum og því sem þarf að bæta að nemandinn geti fylgt námsefni bekkjarins:

☒ Já☐ Nei, þarf léttara efni☐ Nei, þarf þyngra efni

Tillögur að hugsanlegri íhlutun eða stuðningi:

Vinna í að styrkja sjálfstraust nemandans um eigin getu í stærðfræði. Ein hugmynd er að nemandinn vinni með verkefni sem honum finnst létt og þannig verði smám saman öruggari. Æfa sig í að tala um stærðfræði og rökræða í litlum hópi, geta bæði leitt umræðuna og hlustað á rökræður annarra um ýmis stærðfræðileg efni. Réttmætisgiskun og hönnun getur hann æft hlutbundið í handmennt, myndmennt og heimilisfræði.